

**Sp.**

**628. Nefndarálit**

[100. mál]

um till. til þál. um kosningu þingnefndar vegna rekstrarvanda í íslenskum sjávarútvegi.

Frá minni hl. atvinnumálanefndar.

Minni hl. nefndarinnar telur fulla þörf á að skipa sérstaka nefnd til að athuga rekstrarvanda sjávarútvegsins þó að miklar upplýsingar liggi þegar fyrir um marga þætti hans. Fyrst þarf að draga saman þessar upplýsingar, síðan auka verulega við þær, skoða þær síðan og skilgreina jafnframt hina margvíslegu og margþættu erfiðleika í rekstri sjávarútvegsins og leita loks leiða til að leysa hann á skipulegan og markvissan hátt — og hrinda því í framkvæmd.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands leggur til að till. verði samþykkt og gamalgróin upplýsingastofnun í sjávarútvegi, Fiskifélag Íslands, gerir það einnig. Ýmis önnur samtök í sjávarútvegi eru hlynnt sjónarmiðum sem koma fram í tillögunni, þar á meðal eru SH, SÍF og Félag Sambands fiskframleiðenda.

Minni hl. nefndarinnar leggur til að till. verði samþykkt.

Alþingi, 25. mars 1985.

Kristín S. Kvaran,  
fundaskr.

Garðar Sigurðsson,  
frsm.

Jóhanna Sigurðardóttir.